

## Fundargerð 106. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

### Dagsetning: mánudagurinn 4. maí 2026 klukkan 16:30 á Teams:

Gerður Björk Sveinsdóttir, Kristinn Jónasson, Gunnar Ásgrímsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Hinrik Konráðsson áheyrnarfulltrúi foreldra, Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri FSN sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir (formaður) kom á fundinn undir lið 1, rekstrarniðurstöður fyrra árs. Helga Guðmundsdóttir boðaði forföll og var Gunnar Ásgrímsson varamaður boðaður í hennar stað. Thelma Harðardóttir komst ekki.

Skólameistari setti fund. Næsti fundur verður staðfundur með veitingum í júní 2026.

### 1. Rekstrarniðurstöður fyrra árs.

Fjármálastjóri FSN, Guðrún Jóna Jósepsdóttir fór yfir rekstrarniðurstöður FSN fyrir árið 2025. Afkoma ársins 2025 er jákvæð um 30,9 m. kr. Aðal munurinn milli ára 2024 og 2025 liggur í hærri fjárveitingum á árinu 2025. Á árinu 2025 voru tekjur hærri og gjöld lægri en á árinu 2024 sem telst nokkuð gott. Á árinu 2025 komu einnig inn 15 m. kr. sem eiga að notast á árinu 2026.

Allir ársreikningar og allar árskýrslur eru á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).


### 2. Ársskýrsla 2025.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari fór yfir ársskýrslu Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir árið 2025. Í ársskýrslu fyrir FSN ber helst að nefna að innritaðir nemendur voru 192 á vorönn og 233 á haustönn. Á vorönn voru 14 nemendur útskrifaðir frá skólanum og á haustönn voru 5 nemendur útskrifaðir.

Fjöldi	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Dagskóli/grunnskóli	79	82
Fjarnám/ utanskóla	113	151
Samtals	192	233

Í FSN er fylgst með brotthvarfi nýnema. Ávallt er unnið að aðgerðum til að minnka brotthvarf frá skólanum. Ákveðinn fjöldi nýnema flyst yfir í annan skóla að loknu fyrsta ári til að hefja nám á iðnbrautum. Á þessari töflu má sjá að nýnemabrottfall í FSN er lægra en á síðustu árum, tilfærslan er enn há en er þó lægri en áður.

Auðkenni skóla	Nýnemabrottfall 2025	Tilfærsla 2025	Nýnemabrottfall 2024
FSN	3.6%	14.3%	11.5%
Allir skólar	4.5%	10.6%	4.7%




Við skólann eru sex brautir til stúdentsprófs, félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut – búfræðilína, íþróttabraut, nýsköpunar- og frumkvöðlabraut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 2.

Haustið 2025 störfuðu 24 starfsmenn við FSN og stöðugildi 2025 voru 20,8

Skólanefndarfulltrúar munu fá sent eintak af ársskýrslu Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir árið 2025 í vikunni.

### 3. Önnur mál

- Útboð á skólaakstri er lokið og búið er að semja við tvo akstursaðila um sitt hvorn legginn.
- Skólameistari fór í stjórnendasamtal við Mennta- og barnamálaráðuneytið í vikunni og var farið yfir niðurstöður Maskínu með skólameistara.
- FSN er Erasmus + skóli og hélt Ida Semey kynningu fyrir starfsfólk FSN á vordögum. Starfsfólki og nemendum gefst kostur á að sækja sér námskeið, spegla starfshætti og fara með nemendur í heimsóknir erlendis á styrk.
- Skólaheimsóknir; Birta og Agnes fóru með 8 nemendur til Svíþjóðar á Erasmus + styrki. Þær dvöldu bæði í Norrköping og Stokkhólmi og er mikil ánægja með ferðina.
- Hermann, Steinunn og Áslaug fóru einnig á Erasmus + styrk til Varsjár.
- Skólameistari hefur nýlokið starfsmannasamtölum við alla starfsmenn í FSN. Það er góður starfsandi í skólanum.
- Útskriftarefni munu dimmitera þann 6. maí. Þann dag munu útskriftarnemendur einnig kynna lokaverkefni sín og er fulltrúum í skólanefnd boðið. Síðasti kennsludagur á vorönn 2026 er 13. maí. Útskrift verður þann 22. maí klukkan 14:00 í FSN og er skólanefnd ævinlega velkomin. Það stefna 19 nemendur á útskrift í maí og hefur nemendum sem útskrifuðust í desember einnig verið boðið. Tveir af þeim þáðu boðið.
- FSN hefur fengið tengilið í Mennta- og barnamálaráðuneyti. Tengiliðurinn heitir Sigurveig Gunnarsdóttir og heimsótti hún FSN á vordögum. Þar hitti hún skólameistara, fjármálastjóra og fleiri og er ánægja með heimsóknina.
- Nemendur og starfsfólk FSN fengu fræðslu um netsvik á vordögum. Fræðslan var á vegum Landsbankans og var farið yfir helstu aðferðir netsvika og hvað ber að varast.
- Héðinn Unnsteinsson kom og hélt fyrirlestur um geðheilbrigði fyrir nemendur og starfsfólk FSN. Héðinn lauk fyrirlestrinum á að gefa öllum bókina sína, Vertu úlfur ásamt heilræðum.
- Staða aðstoðarskólameistara hefur verið auglýst og sóttu sex um starfið. Það hefur verið ákveðið að ráða Sigríði Guðbjörgu Arnardóttur og tekur



---

hún við 1. ágúst 2026. Sigríður Guðbjörg hefur verið starfandi við skólann nær óslitið frá stofnun.

- Á döfinni hjá nemendafélagi FSN (NFSN) er að grilla pylsur, gera ratleik fyrir útskriftarnemendur og fara í morðingjaleik á síðustu dögum annarinnar.
- Skólameistari bauð skólanefnd upp á að senda vikubríf skólameistara einnig á skólanefndina og var tekið vel í það.

Næsti fundur skólanefndar FSN mánudaginn 1. júní 2026 klukkan 17:00 í FSN með veitingum.

Fundi slitið klukkan 17:14.